

Aðalfundur Smalahundafélags Íslands haldinn á

Ytra-Lóni 23.08.2019 kl. 21.00-

Mættir eru; Jens Þór Sigurðsson, Magnús Óskarsson, Krzysztof Krawczyk, Marzibil Erlendsdóttir, Edze Jan de Haan, Hrafnhildur Tíbrá Halldórsdóttir, Arnþór Jónsson, Agnar Ólafsson, Guðmundur Kr Guðmundsson, Jóhannes Geir Gíslason, Svanur Guðmundsson, Halla Guðmundsdóttir, Maríus Halldórsson, Elísabet Gunnarsdóttir, Þorvarður Ingimarsson, Aðalsteinn Aðalsteinsson og Sverrir Möller.

Sverrir Möller var skipaður fundarstjóri og Þorvarður Ingimarsson ritari. Aðalsteinn Aðalsteinsson formaður var sá eini úr stjórn sem gat mætt.

Aðalsteinn setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Inntaka nýrra félaga
3. Reikningar
4. Reglur um heiðursfélaga
5. Tillaga til stjórnar um heiðursfélaga
6. Kosningar
7. Önnur mál.

1. Aðalsteinn flutti skýrslu stjórnar og rakti starf síðasta árs og fyrri hluta þessa árs. Fram kom hjá Aðalsteini að sl ár hafi verið óvenju gott hvað varðar námskeiðahald og starfsemi.

2. 21 nýjir félagar voru teknir inn í félagið.....

3. Aðalsteinn fór yfir reikninga félagsins (sjá bls. 2)

Sverrir skorar á stjórn að skoða háan þjónustukostnað viðskiptabankans og möguleika á að lækka hann.

Undir þessum lið kom fram að búið er að ganga frá samningi við BÍ um rekstur ættbókarforritsins Snata.

Reikningarnir samþykktir samhljóða.

ÁRSREIKNINGUR 2018			
(1.1.2018 - 31.12.2018)			
REKSTRARREIKNINGUR		2018	2017
Tekjur:			
Félagsgjöld ársins	skýr.1	871.500	826.000
Eldra félagsgjald		0	10.500
Kröfur felldar niður v. fyrra árs	skýr. 2	-45.500	-52.500
Innh. fyrir ISDS, vinnupróf og félgj.		114.200	90.715
Aðrar tekjur		0	10.000
		<u>940.200</u>	<u>884.715</u>
Gjöld:			
Bændasamtökin v. ættbókarforrit SNATI		138.500	0
Bakfærð eldri áætluð gjöld v. SNATI		-367.500	0
Þjónustugjöld banka		119.056	26.216
Kostnaður við dómara, ferðakostn.&laun		70.949	141.542
Styrkir til deilda v. landskeppni		50.000	50.000
Kostnaður við verðlaun landsk.		18.848	16.490
Greitt til ISDS v. félgj.		112.793	99.192
Fræðslu og skemmtiferð til UK		0	345.394
Styrkir v þátttöku SFÍ í HM Hollandi		0	200.000
Ýmis kostnaður, heimasíða, prentun og póstur		3.990	8.385
Afskrifuð skuld v bókar frá 2015		0	3.500
		<u>146.636</u>	<u>890.719</u>
Hagnaður/(-tap) án fjármagnsliða		<u>793.564</u>	<u>-6.004</u>
Fjármagnsliðir og skattar:			
Vaxtatekjur að frádr. fjármtsk		5.391	12.277
Vaxtagjöld og gengism		0	-5.136
		<u>5.391</u>	<u>7.141</u>
Hagnaður/(-tap) ársins		<u>798.955</u>	<u>1.137</u>

ÁRSREIKNINGUR 2018			
(1.1.2018 - 31.12.2018)			
EFNAHAGSREIKNINGUR		2018	2017
EIGNIR			
Bankar. 192-05-60031		1.831.219	2.011.264
		<u>1.831.219</u>	<u>2.011.264</u>
Kröfur:			
Útistandand fél.gjöld v. síðasta árs		871.500	210.000
		<u>871.500</u>	<u>210.000</u>
Aðrar eignir:			
SNATI ættbókarforrit		700.000	700.000
		<u>700.000</u>	<u>700.000</u>
Samtals eignir:		<u>3.402.719</u>	<u>2.921.264</u>
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
Skuldir:			
Skuld við Smalahundadeild Ármessýslu		55.000	55.000
Skuld við Smalahundadeild Hörgársv. og nágr.		50.000	0
Bændasamtökin v. Snati		0	367.500
		<u>105.000</u>	<u>422.500</u>
Eigið fé:			
Yfirfært frá fyrra ári		2.498.764	2.497.627
Hagnaður/(-tap) ársins		798.955	1.137
		<u>3.297.719</u>	<u>2.498.764</u>
Samtals skuldir og eigið fé:		<u>3.402.719</u>	<u>2.921.264</u>

4. Aðalsteinn las upp tillögu að reglum um heiðursfélaga SFÍ.

Tillögurnar samþykktar.

Þorvarður vék af fundi vegna næsta liðar.

5. Stjórn hefur borist tillaga frá Þorvarði Ingimarssyni um að Gunnar Einarsson verði gerður að heiðursfélaga SFÍ.

Aðalsteinn las upp tillöguna og var hún einróma samþykkt með lófaklappi og þótti löngu tímabær.

Þorvarður kom aftur til fundar.

6. Jens Þór Sigurðsson bauð sig fram til stjórnar í stað Jóns Geirs sem átti að ganga úr stjórn.

Jens var kosinn mótatkvæðalaust.

Varamenn voru endurkjörnir með lófaklappi, þau Ásta Veðramóti og Bjarki Breiðavaði

7. Önnur mál.

Marius sagði frá því að keppnissvæðið væri mjög blautt vegna rigninga undanfarið og því þyrfti að takmarka umferð um túnið.

Svanur taldi að námskeiðin með Derek hafi skilið mikið eftir og óskaði eftir að félagið stuðlaði að áframhaldandi námskeiðahaldi með því að hafa frumkvæði að slíku.

Umræður urðu um málið og skiptar skoðanir urðu um það hver ætti að hafa

frumkvæði að slíku. Jens taldi mikilvægt að finna leið til þess að hvetja þá sem fara á

námskeið til þess að halda áfram við þjálfunina eftir námskeiðin. Ekki nóg að fara á námskeið og hætta svo.

Umræður urðu um innflutning hunda og fram kom að upp fimm hundar hafa verið fluttir inn á sl þremur árum.

Mikilvægt er talið að halda áfram að flytja inn erlenda þjálfara að mati fundargesta. Samþykkt var efna til samkeppni meðal félagsmanna um LOGO félagsins og stjórn falið að leggja þær tillögur fyrir aðalfund á næsta ári.

Þorvarður og Sverrir sögðu frá (ekki undir þessum lið) símafundi sem þeir áttu í byrjun júní sl varðandi málefni SNATA. Á fundinum voru Þorberg Þorbergsson yfirmaður tölvudeildar BÍ ásamt forritara en fyrir hönd SFÍ voru þau Elísabet Gunnarsdóttir, Sverrir og Þorvarður. Farið var yfir nokkur atriði sem bæta þarf í forritinu ss staðfestingar og skráningar á gotum, einnig möguleika á að tengja félagatal við grunninn og aðgangur að SNATA sé þannig beintengdur félagatalinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 22.47-